


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	NSFXS12	
	Haust 2014	

Kennari	Rögnvaldur R. Símonarson	Sk.st.	RÖS
----------------	--------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Náms- og starfsfræðsla er bóklegt nám sem kennt er samhliða starfsnámi nemenda starfsbrautar á 3. og 4. ári. Nemendur skoða vinnumarkaðinn á Akureyri. Farið er yfir gagnkvæmar skyldur vinnuveitenda og starfsmanna, yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Þá er einnig fjallað um þátt stéttarféлага og hlutverk þeirra. Nemendur kynnst helstu atvinnufyrirtækjum í nærsamfélaginu og þeim möguleikum sem standa þeim til boða m.t.t. atvinnuþátttöku.

Markmið:

Að nemendur kynnist atvinnufyrirtækjum í nærumhverfinu og skiptingu þeirra í eftirfarandi þrjá megin flokka; þjónustuleið á almennum markaði, þjónustuleið á opinbera markaðinum og frumframleiðsluleið.

Að nemendur kynnist þeim atriðum sem taka ber tillit til við starfsval og þeim fjölda starfsheita í atvinnulífinu

Að nemendur þekki tilgang starfa og mikilvægi þess í tengslum við önnur störf

Að nemendur fræðist um öryggi og hollustuhætti á vinnustað

Námsgögn:

Myndbönd, gátlistar og önnur ljósrít

Áætlun um yfirferð:

Vinnumarkaðurinn er skoðaður og hvernig hann skiptist í þrjá megin flokka; þjónustuleið á almennum markaði, þjónustuleið á opinbera markaðinum og frumframleiðsluleið. Í annarri lotu er áfram unnið með öryggismál og hollustuhætti á vinnustað og sérstöðu í hverjum flokki fyrir sig. Þá er farið í mismunandi starfsheiti, fjölda þeirra og verkefni tengdum þeim. Einnig er farið yfir starfssnámsgátlista og þau atriði sem skipta máli varðandi vinnuna. Jafnframt og samhliða þessu er alla önnina farið yfir stöðu starfsnámsins og vandamál sem kunna að koma upp og þau rædd. Í þriðju og síðustu lotu eru lok starfsnámsins undir búinn. Nemendur gera sjálfsmat. Farið yfir starfsmatið með atvinnurekanda og síðan nemendum og þeim kynntar niðurstöður þess.

Verkefni: Tímaverkefni

Námsmat og vægi námsþátta: Mætingar, áhugi og virkni 40%. Verkefni 30%.
Próf 30%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils